# Meint efnavopnaárás í Sýrlandi: Staðreyndarannsókn hjá fjölmiðlum




**Þann 8. apríl 2018 fjölluðu allir stórir fjölmiðlar um „meinta efna-vopna-árás á Dúma, höfuð-vígi sýr-lensku uppreisnar-mann-anna“. Dúma tilheyrir héraðinu Austur-Gúta við Damaskus og hefur frá árinu 2013 verið undir stjórn vopnaðra sveita öfga-íslam-hópsins „Dæ-isj al-Islam“.**

Þann 8. apríl 2018 fjölluðu allir stórir fjölmiðlar um „meinta efnavopnaárás á Douma, höfuðvígi sýrlensku uppreisnarmannanna“. Douma tilheyrir héraðinu Austur-Ghouta við Damaskus og hefur frá árinu 2013 verið undir stjórn vopnaðra sveita öfgaíslamhópsins „Jaish al-Islam“. Frá því í mars þegar allar aðrar stjórnarandstöðu-hreyfingar fóru frá öðrum stöðum Austur-Ghouta, voru bara hópar „Jaish al-Islam“ eftir í Douma. Nýverið féllust þeir líka á að vera fluttir ásamt fjölskyldum sínum til norðursýrlensku borgarinnar Jarabulus. Engu að síður eiga bardagar að hafa blossað upp að nýju þann 6. apríl ásamt loftárásum. Svona lítur forsagan út.
En hvernig fjalla hinir stóru „gæðafjölmiðlar“ eins og þeir kalla sig, um hina nýjustu „meintu efnavopnaárás“? Upp að hvaða marki halda þeir sig sjálfir við blaðamennskusiðfræði eins og nákvæmni, óhlutdrægni og gegnsæi eins og þeir gjarnan lofa hástöfum? (www.kla.tv/10490) Af þessu tilefni kemur örlítið staðreyndaeftirlit hvað nýjasta tilfellið varðar, því framganga þessara fjölmiðla er endurtekin nánast nákvæmlega eins í kjölfar hverrar „meintrar efnavopnaárásar“.

1. Langflestir fjölmiðlar leyfa í upphafi báðum hliðum að tjá sig, svo þeir virðist óhlutdrægir við fyrstu sýn:
Hlið andstæðinga Assads: „Samkvæmt upplýsingum frá sýrlensku hjálparsveitinni Hvítu hjálmanna varpaði þyrla út tunnusprengju með efnum yfir borgina Douma á sl. laugardagskvöld. Við þetta létust allavega 150 manns og fleiri en 1.000 særðust, segir í umfjöllun fréttastofu DPA með tilvísun í hjálparsveitirnar.“[1]
Hlið fylgjenda Assads: „Fulltrúi sýrlensku ríkisstjórnarinnar vísaði ásökununum á bug, nefndi þær „sviðsetningu“. Stjórnarherinn hafi ekki við sókn sína inn uppreisnarvígið Austur-Ghouta haft neina þörf til að beita efnavopnum, segir hann að sögn ríkisfréttastofunnar Sana.“[2]
„Uppreisnarmennirnir í borginni Duma stæðu frammi fyrir ósigri og útbreiddu lýgar.“[3]
Fyrstu staðreyndaskoðunina stóðust langflestir fjölmiðlar. Mínuspunkta fá allir þeir sem ekki nefndu afstöðu Rússa sem tala um „tilbúna ásökun“ [4]. Punktafrádráttur líka frá þeim sem létu hjá líða að birta ábendinguna „Engin staðfesting frá hlutlausum aðilum“ við ásakanir sínar.

2. Vöntun á gegnsæi um heimildir fyrir ásökuninni:
Ásökunin kemur frá hinum svokölluðu „Hvítu hjálmum“. Það er villandi þegar stjóru fjölmiðlarnir tala um sýrlenska „hjálparstofnun“. „Hvítu hjálmarnir“ eru ekki hlutlaus, sýrlensk hreyfing heldur áróðurshópur andstæðinga Assads og eru fjármagnaður með erlendu

fjármagni.[5]  Kla.tv hefur ítrekað fjallað um lygar þeirra og falsanir á myndefni (www.kla.tv/10667, www.kla.tv/10739, www.kla.tv/11807).  Enginn allra stóru fjölmiðlanna benti þó á þetta og uppskera refsistig fyrir vikið.

3.Vöntun á nákvæmni, gegnsæi og hlutleysi gagnvart meintum sönnunum:
Sem meintar sannanir eru birtar myndir af þjáðum börnum sem koma undantekningalaust frá Hvítu hjálmunum.  Þessar myndir flakka um á samfélagsmiðlum og eru meira eða minna kynntar í fjölmiðlum sem Stórisannleikur.  Hvergi er þar minnst á að verið gæti að myndefnið verið falsað eða heimatilbúið eins og reyndin hefur oft sýnt, t.d. sem sænsku læknasamtökin sýndu framá (www.kla.tv/11458, www.kla.tv/10258, www.kla.tv/9130).[3] Því eru mínuspunktar fyrir alla stóra fjölmiðla – fyrir utan örfáa eins og Financial Times og The Guardian sem benda á að „ekki tókst að staðfesta sannleiksgildi myndanna og myndbandanna af hlutlausum aðilum“.[7]

4. Vöntun á hlutleysi (en ekki bara) í fyrirsögnum: hluti fjölmiðla reyndi í frásögnum sínum að halda sig við að um væri að ræða „meinta“ efnavopnaárás.  Þrátt fyrir það notuðu þeir fyrirsagnir, eins og t.d. Svissneska ríkisútvarp og -sjónvarpið (SFR) gerði þann 8. apríl til að koma inn öðrum áhrifum hjá lesendum, t.d. „Árás sýrlenska hersins“, „Ein hræðilegasta efnaárásin“ eða „Heilu fjölskyldunum eytt“.[1]  Aðrir fjölmiðlar eins og BILD.de eru alveg hættir að tala um „meint“ og æsa upp gegn Assad þrátt fyrir að enn hafi engar óháðar rannsóknir átt sér stað og enn sé ekkert sannað.  Þessir fjölmiðlar fá tvöföld refsistig.[3]  Auk þess brutu flestir fjölmiðlar gegn hlutleysinu með fullyrðingum sínum um að sýrlenska stjórnin hefði áður beitt eiturgasi gegn eigin þjóð.[8 og 9 ]  Þetta hefur enn aldrei verið sannað og er þar að auki mjög dregið í efa úr ólíkum áttum. (www.kla.tv/10351, www.kla.tv/10739).

Þannig eru upptaldir þessir fjórir prófþættir staðreyndaskoðunar hinna sjálfnefndu gæðafjölmiðla – eða réttara sagt þeir þættir sem fella þá.  Þess er að vænta að líka hina næstu daga verði vitnað athugasemdalaust í raddir stríðsæsingamanna og fólk verði þannig gert viljugt í stríð.   Talsmaður utanríksráðuneytis Bandaríkjanna hefur þegar þann 8. apríl gert „stjórn Assads og fylgismanna hans“ og „þarmeð“ Rússland ábyrg fyrir hinni meintu efnavopnaárás.[10] Varla klukkutímum eftir hina meintu efnavopnaárás er Bandarísk árás gegn Sýrlandi ekki útilokuð – og Rússland hefur þegar tilkynnt að þeir muni bregðast við til stuðnings Assad.[11]  Nú er það í höndum stóru fjölmiðlanna að hindra stigmögnun atburða með því að rifja upp skyldur sínar sem blaðamenn: nákvæmni, gegnsæi og óhlutdrægni – og halda sig við þær.

**eftir frá dd.**

## Heimildir:

https://de.wikipedia.org/wiki/Duma_
( Syrien)
https://de.wikipedia.org/wiki/Dschaisch_al-Islam_
( Syrien)
https://www.heise.de/tp/features/Das-laesst-aufhorchen-Angeblicher-Chemiewaffenangriff-in-Ost-Ghouta-4012789.html

https://www.srf.ch/news/international/offensive-der-syrischen-armee-eine-der-schlimmsten-chemischen-attacken
[1]
https://www.aargauerzeitung.ch/ausland/mindestens-150-tote-bei-mutmasslichem-giftgasangriff-

auf-ost-ghuta-132411015
[2]
https://www.bild.de/politik/ausland/headlines/syrien-chemiewaffen-55323718.bild.html
[3]
https://www.frankenpost.de/deutschlandwelt/schlaglichter/Russland-bestreitet-Giftgas-Vorwuerfe;art2822,6067895
[4]
https://www.epochtimes.de/politik/welt/setzt-die-syrische-regierung-giftgas-ein-behauptungen-der-weisshelme-strittig-a2341341.html
[5]
http://blauerbote.com/2018/04/08/weisshelme-vergasen-kinder-fuer-die-tagesschau/
[6]
https://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2018/04/08/trump-nennt-assad-ein-tier-droht-syrien-mit-angriff/?utm_source=Das+t%C3%A4gliche+DWN+Telegramm&utm_campaign=1510458204-RSS_EMAIL_CAMPAIGN&utm_medium=email&utm_term=0_3752338fa9-1510458204-107138637
[7]
https://www.blick.ch/news/ausland/syrien-usa-pruefen-berichte-zu-erneutem-chemiewaffeneinsatz-assads-id8221914.html
[8]
https://www.srf.ch/news/international/offensive-der-syrischen-armee-trump-macht-putin-fuer-gasangriff-mitverantwortlich
[9]
https://www.heise.de/tp/features/Trump-droht-Damaskus-und-Russland-wegen-Chemiewaffenangriff-in-Douma-4012962.html
[10]
https://de.sputniknews.com/politik/20180409320250034-usa-syrien-angriffe-russland-verpflichtungen-lawrow/
[11]

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

---

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is**

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.